

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 173/2023

2023/EES/87/30

frá 13. júní 2023

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/405 frá 16. mars 2020 um tilgreiningu á fyrirkomulagi og innihaldi gæðaskýrslna sem senda á samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1091 um samþættar hagskýrslur um landbúnað ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 23b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1874) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„23c. **32020 R 0405**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/405 frá 16. mars 2020 um tilgreiningu á fyrirkomulagi og innihaldi gæðaskýrslna sem senda á samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1091 um samþættar hagskýrslur um landbúnað (Stjtið. ESB L 80, 17.3.2020, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/405, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 80, 17.3.2020, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.